



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og
nágr.
henny@minjastofnun.is

Kópavogsbær
Skipulagsfulltrúi
Fannborg 2
200 Kópavogur

Reykjavík, 21. júní 2024
MÍ202405-0103/ 6.08 / 0875

Efni: Kársnes - Þróunarsvæði - Rammahluti Aðalskipulags, skipulagslýsing

Minjastofnun Íslands barst tölvubréf skipulagsgáttarinnar dagsett 16. maí 2024, þar sem fram kom að Kópavogsbær óskaði eftir umsögn stofnunarinnar um skipulagslýsingu fyrir *Kársnes Þróunarsvæði – Rammahluta aðalskipulags, mál númer 0580/2024*. Meðfylgjandi erindinu var greinargerð, *Vestanvert Kársnes – Skipulagslýsing*, unnin af Alta, dagsett maí 2024 ásamt uppfærðri útgáfu af samráðsáætlun, dagsett 09.05.2024 skjal nr. A1670-009-U02.

Svæðið er um 57,2 ha. og afmarkast í norður og vestur af strandlínu Kársness og í austur og suður af gróinni íbúðarbyggð við Þingholtsbraut, Kársnesbraut og Huldubraut. Miklar breytingar hafa átt sér stað á svæðinu á síðustu árum og er það að breytast úr iðnaðar- og athafnarstarfsemi í verslun og þjónustu ásamt fjölgun íbúða. Í kafla 3.1 í skipulagslýsinguinni eru settar fram helstu áherslur sem verða grunnur að leiðarljósi og markmiðum rammahlutans. Þar er meðal annars lagt til að uppbyggingin skuli taka mið af sögu svæðisins og karakter og varðveita dýrmætan staðaranda, þar sem sjávarsíðan og útivistarhöfnin verði aðdráttarafl hins nýja íbúðasvæðis. Fjallað er um verndarsvæði og minjar í kafla 2.2 þar sem fram kemur að skráðar séu þrjár fornleifar innan svæðisins sem engin merki eru um á yfirborði. Á hverfisverndarsvæðum þar sem meðal annars eru herminjar frá seinni heimsstyrjöld, er ekki gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum en þeim sem tengjast áningarstöðum, stígagerð o.fl.. Fjallað er um byggð á svæðinu í kafla 3 og aldur bygginga á svæðinu er sýndur á korti (mynd 14) í kafla 3.3.

Fyrir liggur skýrslan, *Fornleifaskrá Kópavogs – Endurskoðuð*, unnin af Bjarna F. Einarssyni árið 2019. Samkvæmt þeirri skráningu eru heimildir um fjórar fornleifar fremst á Kársnesinu og segir í skýrslunni að ekkert sjáist til minja nú og nákvæm staðsetning þeirra sé óviss.

Fyrir liggur skýrslan, *Kársnes byggðarkönnun*, unnin af Önnu Maríu Bogadóttur árið 2023. Sú skráning nær yfir hluta af því svæði sem hér er til umsagnar. Vantar þá nokkur ný hús vestast á nesinu og nýtt bryggjuhverfi við norðurströndina, en þau hús falla ekki undir ákvæði laga nr. 80/2012 um menningarminjar og því er ekki ástæða til að fara fram á skráningu þeirra. Byggðakönnunin er vönduð og vel unnin og gefur góða mynd af sögu Kársness og byggðar á svæðinu. Minjastofnun tekur undir þær tillögur sem lagðar eru fram um verndun í gulum flokki (samstæður húsa og heildir), rauðum flokki (einstök hús, húsaðir og götummyndir) og grænum flokki (athyglisverð hús sem eru einkennandi fyrir ákveðið skipulagstímabil, byggingarlist, sögu og tíðaranda).

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

Minjastofnun Íslands fagnar áherslu á að gera sögu svæðisins hátt undir höfði í komandi skipulagsvinnu og telur mikil tækifæri felast í að nýta iðnaðarbyggingarnar á svæðinu fyrir verslun, þjónustu o.fl. og skapa þar með fjölbreytt og áhugavert yfirbragð byggðar sem erfitt getur verið að skapa á nýjum svæðum.

Bæta þarf upplýsingum um fornlæif nr. 5 (bæjarstæði) inn í kafla 2.2 um fornleifar. Minjastofnun gerir ekki frekari athugasemdir við skipulagslýsingu fyrir Kársnes Þróunarsvæði – Rammahluta aðalskipulags. Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,



Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágr.

Afrit sent:

Skipulagsfulltrúinn í Kópavogi (skipulag@kopavogur.is)
Karlotta Helgadóttir, fulltrúi skipulagsdeildar Kópavogs
(karlottah@kopavogur.is)

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.